



Berist til: Fjölmíðlar, almannavarnir.is, stjórnarsýsla og tengiliðir sóttvarnalæknis.

## STÖÐUSKÝRSLA

Dags: 14.05.2020

Kl.: 16:15

Staðsetning: Samhæfingarstöð almannavarna/Embætti landlæknis  
/Sóttvarnalæknir,

### Neyðarstig vegna COVID-19

#### Framvindan

Í Samhæfingarstöð almannavarna fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf á landsvísu vegna COVID-19. Upplýsingamiðlun, gerð leiðbeininga og ráðlegginga til almennings, stofnana og fyrirtækja. Allar leiðbeiningar er að finna á heimasíðu [Embættis landlæknis](#), [Ríkislögreglustjóra almannavarnadeild](#) og upplýsingasíðunni [www.covid.is](#)

#### Tölulegar upplýsingar fyrir Ísland

Tvö tilfelli greindust hér á landi síðastliðinn sólarhring. Fjöldi staðfesta smitaðra hér á landi er nú 1.802, samtals 12 eru í einangrun og 1780 hafa náð bata. Alls eru 1.460 innanlandssmit. Samtals hafa um 55.626 sýni verið tekin, 551 síðasta sólarhring. Af þeim sem greinst hafa með COVID-19 á Íslandi eru 10 látin.

[Sjá tölulegar upplýsingar Landspítalans](#)

**Samfélagssáttmáli – í okkar höndum** er yfirskrift kynningar- og upplýsingamiðlunar sem mun standa yfir næstu vikur. Henni er ætlað að halda á lofti þeim áherslum og samfélagslegu ábyrgð, sem við þurfum öll að hafa í huga næstu mánuði. [Sjá nánar covid.is](#)



**Yfirlit** yfir aðgerðir stjórnvalda og reglur sem hafa verið settar eru hér (í tímaröð, nýjast efst): [á íslensku](#) og [ensku](#).

### Upplýsingamiðlun og verkefni

#### Samgöngutakmarkanir - helst

- Í [auglýsingu heilbrigðisráðuneytisins](#) má finna allar nánari upplýsingar
- Heilbrigðisráðuneytið hefur umsjón með að veita undanþágur frá samkomutakmörkunum
- Undanþágur frá sóttkví berist til [svl@landlaeknir.is](mailto:svl@landlaeknir.is).
- Mikilvægt er að næstu mánuði viðhafi allir einstaklingsbundnar sýkingavarnir, þ.e. handþvott, spritt, öfluga yfirborðshreinsun.
- Mælt er með að forðast margmenni.
- 2 metra reglan verður ekki afnumin á næstunni en með afléttingu takmarkana verður erfiðara að framfylgja henni. **Samt sem áður verður hver og einn að gæta að sínu öryggi og halda þessari reglu eins vel og kostur er.** Þannig getur fólk komið í veg fyrir að faraldurinn taki sig upp aftur.

#### Ferðatakmarkanir – breyting frá 13. maí

Öll lönd utan Færeyja og Grænlands eru nú skilgreind sem svæði með mikla smitáhættu.

Öllum sem dvalið hafa á áhættusvæði lengur en sólarhring er skylt að fara í sóttkví þar til 14 dagar hafa liðið frá því að áhættusvæði var yfirgefið. Athugið að enn er tímabundið landamæraeftirlit á innri landamærum. [Nánar á vegf](#)  
[stjórnarráðsins](#)

Reglulega verður endurmetið hvort fleiri lönd falli undir áhættusvæði. Ferðamenn bera sjálfir gisti- og upphaldskostnað meðan á sóttkví stendur enda hafi þeir komið sjálfviljugir hingað til lands þrátt fyrir kröfu stjórnvalda um sóttkví. [Nánar hér.](#)

Færeyjar og Grænland hafa verið tekin af lista yfir áhættusvæði m.t.t. COVID-19. [Sjá frétt.](#)

Ferðatakmarkanir eru á vegum dómsmálaráðuneytis en utanríkisráðuneyti kemur að því að aðstoða einstaklinga sem er í brýnum erindagjörðum s.s. vegna andláts ástvina að komast til Íslands. Millilending um Ísland er leyfilegt án leyfis frá íslenskum stjórnvöldum en aðilar, sem ferðatakmarkanir eiga við eða gætu átt við þurfa að sýna fram á að megi koma til endanlegs áfangastaðar í Evrópu áður en þeir fljúga hingað. Upplýsingar um þetta ferli eru aðgengilegastar hjá Útlendingastofnun: (í tímaröð, nýjustu breytingar efst). [Íslenska](#) og [enska](#).

**Fundur ríkistjórnarinnar 12. maí um framlengingu ferðatakmarkana.** [Sjá frétt á vef heilbrigðisráðuneytisins.](#)

Tilkynnt var um framlengingu á þeim ferðatakmarkunum sem hafa verið í gildi á fundi ríkistjórnarinnar með fjölmiðlum þann 12. maí. Gert verður framhald á því fyrirkomulagi, sem hefur verið auk þess að gefin er út sóttkví B fyrir afmörkuð verkefni í atvinnulífinu. Einnig verða Færeyjar og Grænland tekin af lista yfir há áhættusvæði, sem þýðir að engar takmarkanir verða hér á landi gagnvart þeim sem koma frá Færeyjum eða Grænlandi frá 15. maí.

Ef áfram greinast fá smit í þjóðfélaginu er ætlað að gerðar verði frekari tilslakanir þann 25. maí og 3. júní. 15. júní verði landið opnað fyrir þeim ferðamönnum og Íslendingum sem hafa val um að fara í skimun við komuna til landsins eða sýna fullgilt vottorð sem verður samþykkt af íslenskum sóttvarnaryfirvöldum. Einnig verður sett skilyrði um að hlaða niður Rakning C-19 appinu og fleira. Hafin er vinna við hagræna greiningu til að kanna frekar útfærsluna. Sú vinna mun liggja fyrir um mánaðarmótin. Skimun sem þessi yrði tækifæri til að læra meira um veiruna og átta okkur á útbreiðslu hennar. Mikil vinna er framundan. Þessum takmörkunum verður aflétt af varfærni til að enginn komi með veiruna í farteskinu.

**Viðbragðsteymi til að draga úr þjónusturofi við viðkvæma hópa**

Ekki hefur komið til þjónusturofs í þjónustu við viðkvæma hópa á landinu síðustu vikuna. Í samráði við embætti landlæknis var öllum félagsmálastjórum sendur spurningalisti þann 28. apríl sl. þar sem spurt var um fjölda íbúa og starfsmanna í sértækum húsnæðisúrræðum, fyrir fatlað fólk, sem hafa farið í sóttkví eða smitast af COVID-19. Svör bárust frá 18 sveitarfélögum og/eða þjónustusvæðum þar sem fram kom að þrír fatlaðir einstaklingar hefðu smitast af Covid-19 og 17 starfsmenn. Ef ekki berast frekari svör frá sveitarfélögum og/eða þjónustusvæðum er því ljóst að sveitarfélögin hafa leyst það erfiða verkefni að verja þennan hóp einstaklinga fyrir faraldrinum mjög vel og eiga stjórnendur og framlínustarfsfólk sveitarfélaganna hrós skilið fyrir það.

**Vinumál**

Líkt og spáð var stefnir atvinnuleysi í almenna bótakerfinu í að verða um 7%. Atvinnuleysi sem tengist minnkuðu starfshlutfalli verður nær 11% og því má gera ráð fyrir að heildaratvinnuleysi verði nálægt 18% í apríl, einkum vegna meiri skráninga í minnkaða starfshlutfallið en ráð hafði verið fyrir gert. Alls verða ríflega 36.000 manns sem nýta sér úrræðið um minnkað starfshlutfall í apríl. Meðalbótaprósenta þeirra er rétt um 59%. Í almenna bótakerfinu má gera ráð fyrir að um 16.500 manns verði atvinnulausir í lok aprílmánaðar, að stærstum hluta að fullu atvinnulausir. Heildarfjöldi þeirra sem eru í þjónustu Vinnumálastofnunar vegna atvinnuleysistrygginga er því um 52.500 manns í lok aprílmánaðar. Þriðjudaginn 5. maí var opnað fyrir umsóknir um tímabundnar greiðslur vegna einstaklinga sem þurft hafa að sæta sóttkví. Ferlið fer fram í gegnum Mínan síður Vinnumálastofnunar og er skýrt og einfalt.

**Fjallað er um áhrif COVID-19 á fatlað fólk í stefnuskjali Sameinuðu þjóðanna**

Sameinuðu þjóðirnar hafa gefið út [leiðbeinandi stefnuskjal](#) þar sem fjallað er um áhrif COVID-19 á fatlað fólk (maí 2020). Þar er áréttað mikilvægi þess að öll viðbrögð og aðgerðir nái til fatlaðs fólks, aðgengi að upplýsingum og þjónustu á hverjum tíma sé tryggt og haft sé samráð við fatlað fólk í ferlinu öllu. Einnig er fjallað um lykilaðgerðir til þess að verja fólk með fötlun frá smiti og áhrifum samkomubanns, s.s. félagslegri einangrun.

**Mat sóttvarnalæknis á útbreiðslu mótefna gegn SARS-CoV-2:** Hafin er söfnun blóðsýna til að meta útbreiðslu mótefna gegn SARS-CoV-2 í íslensku samfélagi. Í þessu verkefni er aðeins safnað sýnum frá einstaklingum sem koma í blóðrannsóknir af öðrum ástæðum sem stendur. Ekki er verið að safna sýnum frá einstaklingum sem ekki hafa aðra ástæðu til blóðtöku á þessu stigi. **Mótefnamælingar fyrir einstaklinga sem telja sig hafa fengið COVID-19:** Sýkla- og veirufræðideild Landspítala er byrjuð að mæla mótefni gegn veirunni og er farin að taka á móti blóðsýnum, en beiðni þarf þá að koma frá lækni.

## Nýjar leiðbeiningar

### Leiðbeiningar fyrir sundstaði

- Íslenska: [Leiðbeiningar fyrir sund- og baðstaði og baðstaði í náttúrunni vegna COVID-19](#)  
[Uppfærðar leiðbeiningar til fatlaðs fólks með NPA, aðra notendasamninga og aðstoðarfólks þeirra](#)

Upplýsingar um hverjir geta fengið undanþágu frá heimasóttkví: [íslenska](#) [enska](#)

### Sérleiðbeiningar fyrir blaðamenn:

- [Leiðbeiningar](#) og [umsókn er að finna hér](#).

### Sérleiðbeiningar fyrir kvikmyndatökulið:

- [Modified quarantine procedures for filming in Iceland during COVID-19](#)

### Vefurinn [www.covid.is](http://www.covid.is)


Upplýsingar um tölfræði sjúkdómsins eru uppfærðar einu sinni á dag og birtar kl. 13:00 á vefsvæðinu <https://www.covid.is/tolulegar-upplysingar>. Á vefnum er hægt að nálgast upplýsingar um aðgerðir og verkefni hér á landi vegna sjúkdómsins sem veldur COVID-19. Upplýsingar á vefnum eru á níu tungumálum. Nú hefur tölfræðisíða covid.is verið heimsótt rúmlega 4,9 milljón sinnum.

### Framundan


- Næsti upplýsingafundur fyrir fjölmiðla verður haldinn föstudaginn 15. maí kl. 14:03.
- Næsti stöðufundur vegna COVID-19 er áætlaður föstudaginn 14. maí 2020 kl. 9:00.
- **Stöðuskýrsla almannavarna – Neyðarstig vegna COVID-19** er aðgengileg á vef [almannavarna](#) og [embættis landlæknis](#). Skýrslan er gefin út eftir þörfum.

## Ísland - staðan í dag


### Heildartölur



## Fjöldi virkra smita og þeirra sem er batnað




## Fjöldi smita



Download data

Þegar gefnar eru út upplýsingar um hve smituðum hefur fjölgað mikið frá deginum áður er það ekki alltaf svo að sambærileg tala birtist í síðu dagsins. Ástæðan er sú að birting upplýsinga um smit taka mið af því hvenær sýnið var tekið en ekki hvenær það var greint.

## Fjöldi sýna




## Fjöldi smita eftir kyni



[Download data](#)

## Uppruni smits



[Download data](#)

Grafið veitir upplýsingar um hvar fólk smitast en ekki hver smitaði það.


## Smit / sóttkví eftir landshlutum



Landshluti	Smit	Sóttkví
Höfuðborgarsvæði	1314	365
Suðurnes	77	40
Suðurland	178	76
Austurland	8	16
Norðurland eystra	46	49
Norðurland vestra	35	10
Vestfirðir	97	22
Vesturland	44	63
Óstaðsett	2	40
Útlönd	1	0

[Download data](#)

## Fjöldi virkra smita eftir aldri, fjöldi þeirra sem hefur náð sér og andlát




Download data

## Hlutfall smitaðra sem greinast í sóttkví




57%

þeirra sem hafa greinst voru í sóttkví




## Hlutfall smita af fjölda sýna




## Fjöldi smita á hverja 1.000 íbúa eftir aldri og kyni

- Uppfært á þriðjudögum



## Fjöldi innlagðra með staðfest smit


- Uppfært á þriðjudögum



Download data

## Uppsafnaður fjöldi innlagna með staðfest smit

- Uppfært á þriðjudögum



## Kórónaveira – útbreiðsla erlendis

Í dag hefur sýking af völdum COVID-19 verið staðfest hjá **um 4,371,611 einstaklingum** samkvæmt John Hopkins og **um 297,682 einstaklingar** eru láttnir. Þá hafa **1,562,673 einstaklegar náð** sér eftir veikindin. Skv. ECDC er faraldurinn meðalstór fyrir hrausta einstaklinga en mikil lýðheilsu ógn fyrir aldraða og einstaklinga með undirliggjandi sjúkdóma. Sjá vef [Sóttvarnastofnunar Evrópu \(ECDC\)](#) varðandi þróun mála í hverju landi fyrir sig. Sjá áhættumat ECDC.